

AUGLÝSING
um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá
vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg, nr. 798/2012.

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

2. gr.

Breyting á gjaldskrá þessari sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1998, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004, og öðlast gildi við birtingu.

Innanrikisráðuneytinu, 27. apríl 2017.

Jón Gunnarsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.